

Munck Íslandi ehf.
Hlíðasmára 4
201 Kópavogur

Reykjavík, 12. nóvember 2019

UST201901-224/S.M.

08.08.02

Reglubundið eftirlit í malbikunarstöð Munck Íslandi

Þann 18. september sl. fór fram reglubundið eftirlit í malbikunarstöð Munck Íslandi í Hafnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu og sex frávík komu fram er varða:


1. Gr. 2.3 í starfsleyfi. Tryggja skal að starfsfólk fái kennslu og æfingu í að bregðast við mengunaróhöppum. Fram kom í eftirliti að engin námskeið væru haldin.
2. Gr. 2.3 í starfsleyfi. Umgengni skal vera snyrtileg á rekstrarsvæði. Skipulag og umgengni um rekstrarsvæðið eru ekki í samræmi við kröfur í starfsleyfi, svæðið er illa skipulagt og umgengni slæm.
3. Gr. 2.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats þar sem taka skal á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Viðbragðsáætlun var ekki tiltæk við eftirlit.
4. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Engar skráningar eru gerðar hjá rekstraraðila.
5. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í gr. 3.6 og 3.7. Mælingar hafa ekki farið fram.
6. Gr. 4.8 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Niðurstöðum skal skila árlega. Grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað.


Frá eftirliti 2018 eru opin eftirfarandi frávík:

1. Gr. 2.3 í starfsleyfi. Samkvæmt gr. 2.3 á aðgangur óviðkomandi á svæðinu að vera bannaður. Við lóð malbikunarstöðvarinnar var skilti sem á stóð að aðgangur óviðkomandi væri óheimill en engin girðing er um lóðina og telst skiltið eitt og sér ekki fullnægjandi til að tryggja að óviðkomandi komi ekki inn á svæðið.
2. Gr. 2.3 í starfsleyfi. Samkvæmt gr. 2.3 eiga akstursleiðir á svæðinu að vera malbikaðar en svo er ekki.
3. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Í gr. 3.2. í starfsleyfi segir að rykmengun skuli haldið í lágmarki með því t.d. að reisa skjólveggi eða nota vökvunarbúnað sem þolir frost og íslenskar veðuraðstæður. Á staðnum voru nokkrar slöngur sem starfsmenn höfðu notað til að vökva hráefnahauga en það er ekki fullnægjandi.
4. Gr. 3.7 í starfsleyfi. Í gr. 3.7 segir að úðun vörubílsþalla skuli fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli tengdu við olíuskilju. Ekki er til staðar neitt plan fyrir úðun vörubílsþalla heldur fer það fram á mól.
5. Gr. 3.8 í starfsleyfi. Samkvæmt gr. 3.8 á frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfima vökva að vera í samræmi við reglugerð nr. 884/2017. Í gr. 43 í reglugerðinni er varðar kröfur til lausageyma segir að öruggar mengunar-, árekstrar-, eld- og slysavarnir skuli tryggðar við rekstur lausageyma. Við malbikunarstöðina voru tveir lausageymar sá malarplani án nokkurra árekstrar eða lekavarna.
6. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Samkvæmt gr. 4.2 á að vera til staðar verklag eða tæknilegar lausnir til að fylgjast með virkni reykhreinsivirkis. Ekki er neinn slíkur búnaður eða verklag til staðar hjá rekstraraðila.
7. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Í gr. 4.3 í starfsleyfi segir að setja skuli upp myndavélaeftirlit til að fylgjast með rykmyndun á svæðinu. Þetta myndavélakerfi er ekki til staðar.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 3. desember, 2019.

Virðingarfyllt


Sigríður Magnúsdóttir


Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Munck Íslandi ehf. Hafnarfjörður - Kapelluhraun



| | | | |
|----------------------------|--------------------|--------------------------------|-----------------------|
| Dags eftirlits | 18.9.2019 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Sigríður Magnúsdóttir |
| Fyrirtæki | Munck Íslandi ehf. | Eftirlitsmaður | |
| Heimili | Hlíðasmára 4 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 701013-0340 | Flokkur | Malbik |
| Fulltrúi fyrirtækis | Hörður Gunnarsson | ÍSAT nr. | |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram sex frávik frá starfsleyfi er varða þjálfun starfsmanna, umgengni á athafnasvæði, viðbragðsáætlun, skráningar, mælingar og grænt bókhald. Átta eldri frávik úr eftirliti 2018 standa enn opin. Ein ábending var gerð er varðar tilkynningar vegna mengunaróhappa.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsleyfi malbikunarstöðvar Munck á Íslandi og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Skráningar og mælingar (gr. 4.1 og 4.2)
3. Tilkynningar vegna mengunaróhappa (gr. 2.7)
4. Tryggingar (gr. 2.8)
5. Síðasta eftirlitsskýrsla
6. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
7. Skoðunarferð um viðeigandi svæði

Í malbikunarstöðinni er heimilt að framleiða allt að 160 t/klst af malbiki. Einnig er heimilt að reka tengda starfsemi og þjónustu. Stöðin er sem stendur ekki í rekstri og var rekstrarstöðvun tilkynnt til eftirlitsaðila 7. júní s.l. Áætlað er að keyra stöðina næst vorið 2020.

Rætt var um þær skráningar og mælingar sem krafa er um skv. starfsleyfi. Skráningar, sbr. gr. 4.1, voru ekki tiltækar í eftirliti. Mælingar og vöktun á útblæstri sem og mælingar á olfu í fráveituvatni höfðu ekki farið fram við eftirlit. Fram kom að ekki hefði verið hægt að gera mælingar í útblæstri vegna þess hve stuttan tíma stöðin var keyrð hverju sinni.

Kynntar voru nýjar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa og í því samhengi rætt um viðbragðsáætlun vegna mögulegrri hættu á bráðamengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun var ekki tiltæk í eftirliti.

Tryggingar vegna bráðamengunar, sbr. gr. 2.8, eru til staðar skv. upplýsingum frá rekstraraðila.

Farið var yfir niðurstöður síðustu eftirlitsskýrslu en við eftirlit 2018 komu fram átta frávik frá kröfum starfsleyfis og standa þau öll enn opin.

Kynnt var nýtt áhættumat Umhverfisstofnunar en samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Umhverfisstofnun hefur unnið drög að áhættumati fyrir starfsemi sem fellur undir eftirlit stofnunarinnar og hyggst áhættumeta starfsemina samhliða eftirlitsferðum ársins. Í lok árs mun stofnunin síðan rýna heildrænt niðurstöður áhættumatsins og nota sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar 2020.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð um svæðið. Skipulag og umgengni um athafnasvæðið eru ekki í samræmi við kröfur í starfsleyfi. Svæðið er illa skipulagt, ekki snyrtilegt og girðingar og hlið ekki fullnægjandi. Ljóst er að rekstraraðili þarf gera verulegar úrbætur til að uppfylla kröfur starfsleyfisins.


Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 2.3 í starfsleyfi

Tryggja skal að starfsfólk fái kennslu og æfingu í að bregðast við mengunaróhöppum. Fram kom í eftirlitinu að engin námskeið væru haldin.

- gr. 2.3 í starfsleyfi
- Umgengni skal vera snyrtileg á rekstrarsvæði. Skipulag og umgengni um rekstrarsvæði er ekki í samræmi við kröfur í starfsleyfi, svæðið er illa skipulagt og umgengni slæm.
- gr. 2.5 í starfsleyfi
- Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats þar sem taka skal á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Viðbragðsáætlun var ekki tiltæk við eftirlit.
- gr. 4.1 í starfsleyfi
- Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók og skulu skráningar aðgengilegar eftirlitsaðila. Engar skráningar eru gerðar hjá rekstraraðila.
- gr. 4.2 í starfsleyfi
- Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í greinum 3.6 og 3.7. Mælingar hafa ekki farið fram.
- gr. 4.8 í starfsleyfi
- Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Niðurstöðum skal skila árlega. Grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað.



ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila var bent á að hafa leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa til hliðsjónar við gerð og uppfærslu viðbragðsáætlunar.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.11.2019



Sigríður Magnúsdóttir